



Kolgrafafjörður

Verkefnislýsing fyrir deiliskipulag áningarstaðar við brúna yfir Kolgrafafjörð á Snæfellsnesi

2. nóvember 2016



Grundarfjarðarbær

ATA

Efnisyfirlit

Til lesenda	2
Hvað er VERKEFNISLÝSING?	2
Hvað er DEILISKIPULAG?	2
Get ég haft ÁHRIF?	2
Inngangur	3
Núverandi ástand og staðarandi	4
Dýralíf	5
Tengsl við aðrar áætlanir	6
Deiliskipulag	7
Afmörkun	7
Helstu áherslur deiliskipulagsgerðarinnar	8
Ferðapjónusta, náttúruvernd og útivist	8
Fornminjar og friðlýsing	9
Áhrif á umhverfið	10
Skipulagsferli	10
Kynningar, samráð og auglýsingar	10
Framsetning gagna	11
Tímaáætlun	11
Umsagnaraðilar og helstu samráðsaðilar	11
Athugasemdir og ábendingar	12

Til lesenda

Undanfarin misseri hefur færst í aukana að ferðamenn stöðvi við og á brúnni yfir Kolgrafafjörð til að njóta fegurðar og náttúru fjarðarins. Hætta getur skapast á veginum fyrir alla vegfarendur þar sem aðstaða til náttúruupplifunar er lítil sem engin. Grundarfjarðarbær áformar því, í samráði við landeigendur, að útbúa áningarstað í nálægð við brúna. Þar verði t.d. bíla- og hjólastæði, fræðsluskilti og sæti eða bekkir. Í verkefninu felst að vinna deiliskipulag fyrir áningarstaðinn og er verkefnislýsing þessi undanfari þeirrar vinnu. Helstu áherslur deiliskipulagsgerðarinnar eru að:

- auka öryggi allra vegfarenda
- auka aðgengi að náttúru að teknu tilliti til verndunarsjónarmiða
- fræða vegfarendur um náttúru og sögu svæðisins
- styðja við ferðamennsku á Snæfellsnesi

Hvað er VERKEFNISLÝSING?

Verkefnislýsing fyrir skipulagsverkefni er skrifleg greinargerð þar sem fram koma helstu áherslur við skipulagsgerðina, markmið og tilgangur deiliskipulagsins og hvernig samráði og kynningu verði háttáð. Lýsing verkefnisins er því nokkurs konar uppskrift að því sem fram á að koma í deiliskipulagi áningarstaðarins og að vinnunni framundan.

Hvað er DEILISKIPULAG?

Deiliskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað svæði, þar sem fram kemur hvað má byggja eða framkvæma innan svæðisins, s.s. hús eða skýli, vegi, stíga, áningarstaði eða annað sem krefst framkvæmdar- eða byggingarleyfis. Þannig er skýrt fyrir öllum hlutaðeigandi hvað er leyfilegt á svæðinu. Deiliskipulag er því forsenda framkvæmda á svæðinu.

Deiliskipulag mælir fyrir um not svæðis til framtíðar, t.d. framkvæmdir sem ekki er farið í á sama tíma, heldur skipt í áfanga. Samþykkt deiliskipulag getur því rúmað viðbrögð við breyttum aðstæðum, s.s. fjölgun gesta á áningarstað.

Get ég haft ÁHRIF?

Bæjarstjórn óskar nú eftir ábendingum og athugasemdum við það sem fram kemur í þessari verkefnislýsingu, um viðfangsefni skipulagsins og ferlið sjálft. Ennfremur vill bæjarstjórn nota tækifærið sem nú gefst og kalla eftir hugleiðingum og fróðleik sem gæti gagnast við gerð deiliskipulagsins og við þróun svæðisins í heild.

Lýsing þessi er auglýst í Bæjarblaðinu Jökli, í Fréttablaðinu og á vef Grundarfjarðarbæjar. Í kafla 9.4 er listi yfir þá aðila sem sérstaklega er óskað eftir að veiti umsögn, en auk þess eru íbúar sveitarfélagsins og aðrir sem þekkja svæðið vel, hvattir til að koma ábendingum á framfæri.

Vinsamlegast sendið ábendingar og athugasemdir á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is eða með pósti merkt: Grundarfjarðarbær, Deiliskipulag, Borgarbraut 16, 350 Grundarfjörður í síðasta lagi föstudaginn 25. nóvember 2016.

Í lok hvers kafla í þessari lýsingu eru settar fram spurningar sem lesendur eru hvattir til að velta fyrir sér. Og gott væri að fá viðbrögð!

Spurningarnar geta hjálpað lesendum að ...

- ... skilja verkefnið
- ... setja það í samhengi
- ... átta sig á mikilvægi samráðs og skipulagsferlis
- ... koma sjónarmiðum sínum á framfæri

1. Inngangur



Sífellit færirst í aukana að ferðafólk stöðvi við og á brúnni yfir Kolgrafafjörð til að njóta fagurs útsýnis, fjölskrúðugs dýralífs á svæðinu og ólgandi sjávarstraumsins undir brúnni. Jafnvel hefur borið á því að bílar stöðvi á brúnni í myrkri og slökkvi ljós til að njóta norðurljósadýrðar. Bílum er lagt bæði í vegarköntum við enda brúarinnar, einkum vestan megin, og í sumum tilfellum á sjálfri brúnni. Við þessar aðstæður skapast talsverð hætta, bæði fyrir gangandi vegfarendur sem og bílaumferð.

Til að bregðast við þessu vill Grundarfjarðarbær koma upp góðri aðstöðu vestan megin við Kolgrafafjarðarbrú, þar sem hægt er að stöðva á öruggan hátt og njóta þeirrar einstöku upplifunar og náttúruskoðunar sem staðurinn býður uppá.

Grundarfjarðarbær hefur fengið styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða til að vinna þarfagreiningu, skipulag, hönnun og framkvæmdaáætlun við Kolgrafafjarðarbrú vegna uppbyggingar bílastæðis og aðstöðu til náttúru- og dýralífsskoðunar, svo sem göngustíga, útsýnispalla og skýli sem nýtast við skoðun á dýralífinu. Hefur bærinn fengið ráðgjafafyrirtækið Alta til samstarfs vegna verkefnisins.

Í umsókn Grundarfjarðarbæjar til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða segir meðal annars að í verkefninu felist að „gera aðstöðuúttekt og þarfagreiningu beggja megin vegar við vesturenda brúarinnar, lesa úr landinu og afla upplýsinga um hvaða úrbætur þarf að vinna á staðnum“. Jafnframt séu áform um að „hanna og teikna upp gönguleið meðfram fjörunni og að áningarstað sem Vegagerðin setti upp í grennd við bæinn Eiði.“¹ Finna þarf góðar lausnir til að bæta aðstöðu, aðkomu og aðgengi við brúna til að gera fólki kleift að njóta náttúru og dýralífs án þess að stefna sjálfum sér og öðrum vegfarendum í hættu.

Verkefnið byggir meðal annars á markmiðum og áætlunum sem koma fram í Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015 og Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026.



¹ Sjá nánar í umsókn bæjarins til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða; „Kolgrafafjörður í Eyrarsveit, Snæfellsnesi: Skipulag og hönnun vegna uppbyggingar á aðstöðu til dýralífs- og náttúruskoðunar“, dags. 02.02.2016

2. Núverandi ástand og staðarandi



Í Kolgrafafirði er fjölbreytt dýralíf, óspilltar fjörur og opin svæði sem bjóða upp á spennandi og fjölbreytta útivist. Í fjörunum er fjölbreytt fuglalíf, svamlandi selir og borið hefur á því að hvalir syndi undir brúna inn í fjörðinn - og því hægt að komast í mikla nálægð við þá á fyrirhuguðum áningarstað. Undir brúnni er straumhart og mikið sjónarspil þegar flæðir að og út úr firðinum. Mikil sjávarföll valda dægursveiflum í fuglalífi á svæðinu² sem gefur tilefni til að útbúa fleiri en einn útsýnisstað (t.d. lítið skýli eða pall) í nálægð brúarinnar.

Eins og staðan er í dag er bílum lagt sjávarmegin (norðan megin) við vesturenda brúarinnar. Tæpum 100 m frá brúarendanum er beygt niður vegspotta í nokkrum halla, niður á ca. 1500 m², gróft malarplan þar sem hægt er að leggja bílum. Mölin er mjög gróf og hafa bílar og rútur fest sig í mölinni. Eitt nestisborð er við grjótnargarðinn, en engin lýsing eða önnur aðstaða er á svæðinu. Aðstaðan var útbúin af Vegagerðinni fyrir nokkru. Landið og fjörurnar í kringum vesturenda brúarinnar eru í eigu Hjarðarbóls. Um það bil einum km frá vesturenda brúarinnar, til suðurs, eru landamerki Hjarðarbóls og Eiðis og er fyrirhuguð deiliskipulagsvinna unnin í samstarfi við landeigendur beggja jarða. Handan brúarinnar eru lönd Berserkseyrar og Kolgrafa. Í dag er mögulegt að fara undir brúna eftir grjótnargarðinum, milli norður- og suðurhluta hans. Leiðin er ekki auðfær þar sem bil frá grjótnargarði upp undir brúarkantinn er ekki hátt, en undir brúnni sjálfri er manngengt.



² „Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Döllum, grunnupplýsingar ætlaðar ferðapjónustu og ferðamönnum.“ <http://bit.ly/2dnSeey>

Innar í firðinum, í ca. 2,5 km fjarlægð til vesturs frá brúnni, er áningastaður Vegagerðarinnar sem var kláraður árið 2013. Frá þeim áningarstað er útsýni yfir fjörðinn gott og fjallasýn mikil.



Áningarstaður Vegagerðarinnar nálægt bænum Eiði

3. Dýralíf

Í matsskýrslu Vegagerðarinnar vegna þverunar Kolgrafafjarðar árið 2001³ var gerð könnun á lífríki í fjörum og á sjávarbotni fjarðarins, ásamt könnun á varpfuglum. Upplýsingum var einnig safnað um fiska í firðinum. Fuglalíf er fjölbreytt í kringum fjörðinn og er talið að allt að 18 tegundir eigi þar varpsvæði. Reyndist dreifing margæsa um fjörðinn talsvert mikil. Útbreiddustu varpfuglar eru þúfutittlingur, stelkur og hrossagaukur. Æðarvarp er á svæðinu og hægt að koma auga á haförn sem er eina arnartegundin sem verpir hér á landi. Kolgrafafjörður telst hafa alþjóðlega þýðingu þegar litið er á margæsir og er nálægt því að hafa alþjóðlega þýðingu fyrir rauðbrystinga.⁴

Gerð var rannsókn á flóru og gróðri vegna mats á umhverfisáhrifum í skýrslu Vegagerðarinnar. Á svæðinu voru taldir 104 tegundir eða tæplega fjórðungur allrar íslensku háplöntuflórunnar, sem telst vera talsverð fjölbreytni. Engar háplöntur á valista eða sjaldgæfar tegundir fundust. Ekki var talið að svæðið hefði sérstöðu gróðurfarslega en að gildi svæðisins lægi fyrst og fremst í því að þar sé um að ræða stóra, nokkuð óraskaða landslagsheild. Er það mat Grundarfjarðarbæjar að vert sé að halda þeirri sérstöðu.

Fjörur í Kolgrafafirði eru af þremur megingerðum; þangfjörur, grófar leirur og krækingsleirur. Í fyrrgreindri könnun fannst talsvert af grænþörungum sem margæsir sækja í sem fæðu. Um helmingur fjarðarins mældist rúmlega 10 m djúpur en mesta dýpi var 37,5 m.

Inn í fjörðinn gengur oft mikið magn af íslensku sumargotssíldinni. Veturinn 2012-2013 er áætlað að um 50.000 tonn af síld hafi drepist í Kolgrafafirði, að öllum líkindum vegna súrefnisþurrðar. Meðal niðurstaðna rannsókna í kjölfar síldardauðans var að vegfylling yfir fjörðinn hefði ekki orsakað dauðann.

Spurningar til lesenda:

- ▶ (1) Er einhverju við þessa lýsingu á aðstæðum, náttúru og staðaranda að bæta? Eitthvað annað sem mætti koma fram?
- ▶ (2) Hvað finnst þér áhugaverðast við Kolgrafafjörðinn?

³ Matsskýrsla Vegagerðarinnar vegna lagningar Snæfellsnesvegur yfir Kolgrafafjörð <http://bit.ly/2d6DDcQ>

⁴ Skv. Ramsarsamningnum um votlendi (matsskýrsla Vegagerðarinnar, kafli 6.7.3)

4. Tengsl við aðrar áætlanir



Hluti úr dreifbýlishluta Aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015

Um þessar mundir stendur yfir endurskoðun á Aðalskipulagi Grundarfjarðar 2003-2015. Meðal viðfangsefna þar er að útfæra markmið Svæðisskipulags Snæfellsness um stefnu um ferðaþjónustu á Snæfellsnesi. Þar þarf m.a. að fjalla um móttöku og aðstöðu fyrir ferðamenn, s.s. staðsetningu áningar- og áfangastaða, ferðaleiða, bílastæða, snyrtinga, o.fl. Við aðalskipulagsgerðina verður stígakerfi í dreifbýli og þéttbýli skoðað, auk þess sem fjölga þarf útivistarsvæðum. Ráðgafafyrirtækið

Árið 2010 var samþykkt breyting á aðalskipulagi Grundarfjarðar sem nær til dreifbýlishluta sveitarfélagsins en þar er svæðið kringum Kolgrafafjörð skilgreint sem óbyggt svæði. Var þar mörkuð stefna um framtíðarþróun dreifbýlisins og lagður grunnur fyrir deiliskipulagsgerð, en ekkert deiliskipulag er í gildi fyrir svæðið kringum Kolgrafafjörð. Í Svæðisskipulaginu er eitt af markmiðum í kafla um búsetuskilyrði og atvinnulíf, að landbúnaður, ferðaþjónusta og útivist verði ráðandi landnýting í dreifbýli. Við deiliskipulagsgerð áningarstaðarins við Kolgrafafjörð verður farið eftir markmiðum og leiðum í greinargerð aðalskipulagsins, er varða deiliskipulagið, s.s. í ferðaþjónustu, náttúruvernd, samgöngum, útivist o.fl. ásamt leiðarljósum og markmiðum í svæðisskipulagi Snæfellsness. Í Svæðisskipulagi Snæfellsness 2014-2026 er mörkuð skýr stefna um þróun og skipulagningu ferðaþjónustu á Snæfellsnesi.

Í skýrslu um fuglaskoðun á Snæfellsnesi frá 2012 er fjallað um aðstöðu til fuglaskoðunar á Snæfellsnesi:

„Á nokkrum stöðum getur fuglaskoðun frá vegi ógnað öryggi vegfarenda, vegna fárra tækifæra til að koma bílum fuglaskoðara af veginum. Þar skal fyrst nefna vegfyllinguna yfir Kolgrafafjörð, sem er einkar áhugaverður fuglaskoðunarstaður. Með tiltölulega litlum breytingum mætti væntanlega gera útskot við varnargarða og um leið stórbæta öryggi og ánægju vegfarenda.“⁵

Spurningar til lesenda:

- ▶ (3) Eru aðrar upplýsingar en þær sem hér koma fram, sem þér finnst að ætti að hafa í huga?
- ▶ (4) Þekkir þú til annarra ferðamannastaða á Snæfellsnesi eða utan þess, sem gagnlegt væri að horfa til sem fyrirmyndar eða draga lærdóm af?
- ▶ (5) Þekkir þú gamlar eða nýjar sögur um svæðið, sem þú telur áhugavert að aðrir þekki og værir tilbúinn að koma á framfæri ef eftir því væri leitað?

⁵ „Fuglaskoðun á Snæfellsnesi og í Döllum, grunnupplýsingar ætlaðar ferðaþjónustu og ferðamönnum.“ <http://bit.ly/2dnSeey>

5. Deiliskipulag

5.1. Afmörkun

Bílastæði, salerni, ruslagámur/tunnur og útsýnisstaðir/pallar verða innan þess svæðis sem merkt er með gulri brotalínu á skýringarmynd. Innan þess verða einnig upplýsingaskilti og borð eða önnur álíka aðstaða til áningar. Hvít brotalína sýnir landamerki milli Eiðis og Hjarðarbóls. Innan þess svæðis sem merkt er með rauðri brotalínu er gert ráð fyrir mögulegri göngu- og hjólatengingu að áningarstað Vegagerðarinnar innar í firðinum. Innan lands Hjarðarbóls yrði sú tenging að öllu leyti innan veghelgunarsvæðis Snæfellsnesvegjar (30 m frá miðlínu vegjar). Innan lands Eiðis getur göngu- og hjólatenging verið fjær þjóðveginum. Nákvæmari lega göngu- og hjólastígs verður ákvörðuð á seinni stígunum í fullu samráði við landeigendur, Vegagerðina og aðra hagsmunaaðila.



Skýringarmynd: Afmörkun deiliskipulagssvæðisins (rauð og gul lína). Myndin er ekki í kvarða.

Girðingar, meðfram fjörunni við grjótnargarð norðan- og sunnan megin við brúna vestanverða, afmarka það svæði sem horft er til vegna þarfa áningarstaðarins í landi Hjarðarbóls. Áningarstaður yrði þannig innan girðinga.

5.2. Helstu áherslur deiliskipulagsgerðarinnar

- ▶ Auka öryggi allra vegfarenda.
- ▶ Auka aðgengi að náttúru að teknu tilliti til verndunarsjónarmiða.
- ▶ Fræða vegfarendur um náttúru og sögu svæðisins.
- ▶ Styðja við ferðamennsku á Snæfellsnesi.
- ▶

Í deiliskipulagi verður sýnd staðsetning bíla- og hjólastæða, byggingarreits fyrir litla byggingu sem rúmar salernisaðstöðu og ruslatunnur/ruslagám ásamt staðsetningu fræðsluskilta og gönguleiða. Gert verður ráð fyrir sætum og/eða bekkjum.

Tryggja þarf öryggi þeirra ferðalanga sem fara yfir þjóðveginn. Að ráðum Vegagerðarinnar verður það gert með skilgreindri gönguleið eða þverun og tilheyrandi ráðstöfunum til að afmarka þá leið og hámarka öryggi á henni. Skoðað verður hvort hægt sé að útbúa gönguleið á grjótnargarði undir brúna eða undir veginn. Aðkoma fyrir akandi umferð inn og út af áningarstað verði hönnuð í samráði við Vegagerðina, sem verður auk þess höfð með í ráðum um umferðaröryggi svæðisins að öðru leyti.

Huga þarf að því hvernig fræðslu um dýralífið ofan- og neðansjávar verður best fyrir komið á svæðinu. Gert verði ráð fyrir útsýnisstöðum/-pöllum/-aðstöðu á eða við brúna og skýli sem nýtist við skoðun á dýralífi. Í samráði við náttúrufræðing eða staðkunnugan sérfræðing verði sett upp fræðsluskilti um náttúru og sögu svæðisins, ásamt leiðbeiningum um umgengni á svæðinu. Einnig mætti sýna þar gönguleiðir um svæðið og veita leiðbeiningar um nálæg tjaldsvæði og aðra þjónustu. Í Grundarfirði og öðrum þéttbýlisstöðum á Snæfellsnesi er fjölbreytt þjónusta fyrir ferðamenn sem hægt væri að veita upplýsingar um á áningarstaðnum og beina þannig gestum á þá staði. Innan skipulagssvæðisins verði möguleiki að nýta aðstöðuna til kennslu um náttúruna, dýralíf og sögu svæðisins. Reynt verður að halda allri lýsingu í lágmarki til að sporna við ljósmengun.

Í deiliskipulagsvinnunni verður horft til fordæma um áningarstaði héraðs og erlendis, þar sem vel þykir hafa tekist til. Einnig munu liggja fyrir skýrar leiðbeiningar í skilmálum deiliskipulagsins um hönnun áningarstaðarins, þar sem áhersla verður lögð á góðan frágang og vandaða hönnun sem vinnur vel með umhverfinu.

Spurningar til lesenda:

- ▶ (6) Hvað myndir þú vilja upplifa eða geta gert á þessum áningarstað eða boðið gestum þínum, ef þú færir með þá þangað?
- ▶ (7) Er eitthvað sem þér finnst eiga að vera á áningarstað eins og þessum, sem ekki er nefnt hér að framan?

6. Ferðapjónusta, náttúruvernd og útivist

Í kafla um lífsgæði; búsetuskilyrði og atvinnulíf í Svæðisskipulagi Snæfellsness, er eitt af markmiðum þess að „landbúnaður, ferðapjónusta og útivist sé ráðandi landnýting í dreifbýli.“ Ein af leiðum að þessu markmiði svæðisskipulagsins er m.a. að „skilgreina í aðalskipulagi, vegkerfi, göngu- og reiðleiðir og áningarstaði á grunni greiningar og stefnu þessa svæðisskipulags.“⁶

Gott aðgengi að náttúru landsins og aukin fræðsla eru líkleg til að stuðla að betri umgengni ferðamanna sem og heimamanna á ferð sinni um landið. Brúin yfir Kolgrafafjörð er nú þegar orðin að þekktum áningarstað, en þar sem lítil sem engin aðstaða er til staðar á svæðinu hefur borið á slæmri umgengni.

⁶ Tengill á Svæðisskipulag Snæfellsness: <http://bit.ly/2ckTuie>

Ferðalangar hafa jafnvel slegið upp tjöldum í nágrenni brúarinnar án þess að nokkur aðstaða sé til slíks. Æskilegra væri að beina ferðalöngum á skilgreind tjaldsvæði í Grundarfirði sem og annars staðar á Snæfellsnesi. Það er því margvíslegur hagur af því að breyta þessum nýtilkomna stoppstað við Kolgrafafjörð í áhugaverðan áningarstað til náttúruupplifunar, náttúrunnar vegna og af tillitssemi við vegfarendur og gesti. Markmið Grundarfjarðarbæjar er að auka aðgengi íbúa og ferðalanga að náttúru landsins og veita fræðslu, en um leið að stuðla að góðri umgengni og aukinni virðingu fyrir náttúru svæðisins.

Í kafla 9.2.1 í greinargerð með aðalskipulagi Grundarfjarðar, dreifbýlishluta, er fjallað um mikilvægi þess að bjóða upp á fjölbreytt útivistarsvæði með góðri aðstöðu. Ein leið til að ná markmiðum tengdum útivist er „Að komið verði upp góðum bílastæðum og aðstöðu til áningar fyrir göngufólk og aðra útivistariðkendur.“

Deiliskipulagsgerðin og hönnun áningarstaðar við Kolgrafafjörð er ekki eingöngu hugsuð fyrir ferðamenn og aðkomufólk. Mikilvægt er að heimamenn, frá Grundarfirði sem og annars staðar af Snæfellsnesi, hafi gott aðgengi að göngu- og hjólaleiðum og annarri útivist. Aðstaða við Kolgrafafjörð getur nýst heimamönnum á fjölbreyttan hátt allan ársins hring.

Spurningar til lesenda:

- ▶ (9) Hvers þarf sérstaklega að gæta í umgengni við náttúru svæðisins?
- ▶ (10) Hvers konar útivist má tengja við áningarstaðinn?
- ▶ (11) Á hvaða aðra ferðamannastaði í sveitarfélaginu eða annars staðar á Snæfellsnesi mætti einnig vísa ferðamönnum eða mæla með?

7. Fornminjar og friðlýsing



Hluti úr dreifbýlishluta Aðalskipulags Grundarfjarðar 2003-2015; þemauppráttur - fornleifaskrá

Við gerð aðalskipulags Grundarfjarðar voru skráðar allar fornleifar í sveitarfélaginu. Þær má sjá í Fornleifaskrá Grundarfjarðarbæjar, I og II hluta ⁷. Fornleifar voru einnig skráðar í tengslum við mat á umhverfisáhrifum vegna þverunar Kolgrafafjarðar. Engar friðlýstar rústir fundust á hinu kannaða svæði.⁸ Við vesturenda brúarinnar, á Hjarðarbólsodda, voru minjar um naust úr hlöðnu grjóti sem opnaðist til norðausturs (nr. 39 á korti). Við skráningu minjanna var rústin rannsökuð af Fornleifavernd ríkisins (nú Minjavernd) og fjarlægð.

⁷ Jóna Kristín Ásmundsdóttir og Bjarni F. Einarsson (2005)

⁸ Matsskýrsla Vegagerðarinnar vegna lagningar Snæfellsnesveggar yfir Kolgrafafjörð <http://bit.ly/2d6DDcQ>

Eyjar, hólmar og fjörur í innanverðum Breiðafirði eru verndaðar með lögum nr. 541/1995 um vernd Breiðafjarðar. Lögin kveða á um að í skipulagsáætlunum verði að taka tillit til verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar og leita umsagnar nefndarinnar.

8. Áhrif á umhverfið

Einn megintilgangur með skipulagningu svæðisins er verndun náttúrunnar. Skipulagning svæðisins mun stuðla að því að ferðmenn haldi sig innan skilgreinds áningarstaðar en þó má gera ráð fyrir að alltaf verði einhver umgangur utan skilgreinds svæðis. Landið kringum brúna og fjörur fjarðarins eru einkum grýtt svæði eða mól, en minna er um viðkvæmt yfirborð eins og graslendi, mýrar eða mosavaxið land sem þola illa umgang fólks.

Niðurstaða umhverfismats í kafla 4.7 í greinargerð dreifbýlis með aðalskipulagi Grundarfjarðar, þar sem fjallað er um breytta landnotkun í Kolgrafafirði, er sú að útivist og ferðapjónusta hafi fremur jákvæð áhrif á Kolgrafafjörð. Augljós ávinningur sé af Kolgrafafirði sem útivistarsvæði fyrir almenning, auk þess sem það setur litlar skorður við annarri landnotkun. Tekið er fram að mikilvægt sé að umgengnisreglur verði skýrar og aðgengilegar. Í ljósi þess að svæðið er nú þegar farið að draga til sín ferðamenn er ljóst að setja þarf umgjörð um heimsóknir á svæðið til að stuðla að verndun náttúrunnar. Landnotkun sem tengist ferðapjónustu og útivist er í samræmi við markmið Svæðisskipulags Snæfellsness 2012-2026.

Spurningar til lesenda:

- ▶ (12) Hefurðu áhyggjur af einhverju í umhverfinu við gerð þessa áningarstaðar?
- ▶ (13) Til íbúa sveitarfélagsins: Hvað skiptir þig mestu, sem íbúa, við gerð þessa áningarstaðar?

9. Skipulagsferli

9.1. Kynningar, samráð og auglýsingar

Í samræmi við skipulagslög og skipulagsreglugerð verður verkefnislýsing þessi kynnt umsagnaraðilum og öðrum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta. Verður lýsingin send lögbundnum umsagnaraðilum og kynnt með áberandi hætti á vef Grundarfjarðarbæjar, í Fréttablaðinu og í Bæjarblaðinu Jökli sem borið er í hvert hús í sveitarfélaginu. Hagsmunaaðilar og aðrir áhugasamir fá þá tækifæri til að koma ábendingum um áætlanir sveitarfélagsins á framfæri á fyrstu stigum málsins. Kynning stendur í þrjár vikur.

Við gerð þessarar verkefnislýsingar var haldinn fundur með bæjarstjóra, skipulags- og byggingarfulltrúa og markaðs- og menningarfulltrúa Grundarfjarðarbæjar, fulltrúa frá Vegagerðinni í Borgarnesi, fulltrúa frá landeigendum Hjarðarbóls og með landeigendum Eiðis. Einnig hafa starfsmenn Alta fundað með fulltrúum landeigenda Hjarðarbóls í tvígang og farið í vettvangsferð með landeigendum að brúnni.

Eins og fram kom í ávarpi til lesenda hér að framan, þá er hér um leið og verkefnislýsing er sett fram og kynnt, leitað eftir framlagi íbúa og annarra áhugasamra í formi ábendinga, fróðleiks og skoðana. Það framlag er hluti af vinnu við gerð deiliskipulagstillögu og getur ennfremur nýst við frekari þróun svæðisins.

Að lokinni kynningu verkefnislýsingarinnar verður unnin deiliskipulagstillaga og höfð hliðsjón af þeim ábendingum og athugasemdum sem kunna að berast við lýsinguna. Deiliskipulagstillagan verður auglýst með áberandi hætti, í sex vikur að lágmarki, og gefst þá annað tækifæri til að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri.

Að auglýsingu lokinni á deiliskipulagstillögunni verður gengið frá lokaútgáfu sem send verður Skipulagsstofnun til yfirferðar og samþykktar og að því búnu er deiliskipulagið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda.

9.2. Framsetning gagna

Deiliskipulagstillaga verður sett fram á uppdrætti ásamt greinargerð, skipulagsskilmálum og skýringaruppdrætti.

9.3. Tímaáætlun

Ágúst - september 2016: Mótun verkefnis og forsendugreining

September - október 2016: Gerð verkefnislýsingar og samráð við landeigendur og Vegagerðina

27. október 2016: Bæjarstjórn Grundarfjarðar samþykkti að auglýsa verkefnislýsingu

3. - 25. nóvember 2016: Auglýsing verkefnislýsingar (3 vikur)

Nóvember 2016: Drög að deiliskipulagstillögu unnin og kynning tillögu á vinnslustigi

Desember 2016 - janúar 2017: Deiliskipulagstillaga auglýst og kynnt (lágmark 6 vikur)

Febrúar 2017: Lokafrágangur og samþykkt deiliskipulagstillögu

9.4. Umsagnaraðilar og helstu samráðsaðilar

Auk landeigenda Hjarðarbóls og Eiðis eru eftirfarandi umsagnaraðilar og samráðsaðilar:

- ▶ Skipulagsstofnun
- ▶ Vegagerðin
- ▶ Breiðafjarðarnefnd
- ▶ Minjastofnun Íslands
- ▶ Umhverfisstofnun
- ▶ Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
- ▶ Eigendur nærliggjandi jarða: Kolgrafir og Berserkseyri
- ▶ Viðeigandi nefndir og ráð Grundarfjarðarbæjar
- ▶ Sveitarstjórnir annarra sveitarfélaga á norðanverðu Snæfellsnesi
- ▶ Lögreglan á Vesturlandi
- ▶ Ferðafélag Snæfellsness
- ▶ Ferðamálasamtök Snæfellsness
- ▶ Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull
- ▶ Markaðsstofa Vesturlands

Spurningar til lesenda:

- ▶ (14) Ættu fleiri umsagnar- eða samráðsaðilar að fá þessa lýsingu til umsagnar?
- ▶ (15) Ættu fleiri að koma að þessari skipulagsvinnu?

9.5. Athugasemdir og ábendingar

Vinsamlegast sendið ábendingar og athugasemdir á netfangið grundarfjordur@grundarfjordur.is eða með pósti í síðasta lagi föstudaginn **25. nóvember 2016** merkt:

Grundarfjarðarbær
Deiliskipulag
Borgarbraut 16
350 Grundarfjörður